

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

821. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 17. febrúar 2014 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Viðræður við sviðsstjóra fjölskyldusviðs og skólastjóra v/ beiðni um tímabundna ráðningu stuðningsfulltrúa
2. Ársskýrsla Tjaldsvæðisins á Borðeyri 2013.
3. Áskorun til sveitarstjórnar um úttekt um lagningu hitaveitu í Húnaþingi vestra.
4. Áskorun til sveitarstjórnar um úttekt á lagningu hitaveitu í Víðidal.
5. Bréf EBÍ um styrktarsjóð félagsins.
6. Ársskýrsla Tjaldsvæðisins í Kirkjuhvammi 2013.
7. Ársskýrsla Íþróttamiðstöðvar Húnaþings vestra 2013.
8. Ársskýrsla Íþróttá- og tómstundafulltrúa Húnaþings vestra 2013.
9. Ársskýrsla Félagsmiðstöðvarinnar Órion 2013.

Afgreiðslur:

1. Sviðsstjóri fjölskyldusviðs og skólastjóri Grunnskóla Húnaþings vestra eru mætt til fundar með byggðarráði. Óskuðu þau eftir heimild til tímabundinnar ráðningar stuðningsfulltrúa við Grunnskóla Húnaþings vestra í allt að 9 vikur. Byggðarráð samþykkir beiðnina.
 2. Fram lögð til kynningar Ársskýrsla tjaldsvæðisins á Borðeyri 2013. Byggðarráð samþykkir að fela framkvæmda- og umhverfissviði að taka saman upplýsingar um leiðir og kostnað við uppsetningu lýsingar og sturtu við þjónustuhús á tjaldsvæðinu á Borðeyri.
 3. Lögð fram áskorun til sveitarstjórnar Húnaþings vestra frá einstaklingum í Víðidal um gerð heildstæðrar úttektar á möguleikum til lagningar hitaveitu í dreifbýli, skoðun á fjármögnun og fleiri atriðum sem málið varðar. Áskoruninni vísað til afgreiðslu sveitarstjórnar.
 4. Fram lögð áskorun til sveitarstjórnar Húnaþings vestra frá einstaklingum í Víðidal um að nú þegar verði kannaðir möguleikar á lagningu hitaveitu í Víðidal. Byggðarráð vísar til samþykktar ráðsins frá 817. fundi þar sem samþykkt var að fela framkvæmda- og umhverfissviði að afla tilboðs í gerð heildstæðrar úttektar á lagningu hitaveitu í dreifbýli í Húnaþingi vestra.
 5. Til kynningar lagt fram bréf EBÍ (Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélags Íslands) þar sem gerð er grein fyrir breytingum á reglum um styrktarsjóð félagsins. Byggðarráð felur sveitarstjóra að senda inn umsókn til styrktarsjóðsins vegna verkefnis tengt hersetunni að Reykjum í Hrútafirði.
 6. Fram lögð til kynningar Ársskýrsla tjaldsvæðisins í Kirkjuhvammi 2013.
 7. Fram lögð til kynningar Ársskýrsla Íþróttamiðstöðvar Húnaþings vestra 2013.
 8. Ársskýrsla Íþróttá- og tómstundafulltrúa Húnaþings vestra 2013 lögð fram til kynningar.
 9. Ársskýrsla Félagsmiðstöðvarinnar Órion 2013 lögð fram til kynningar.
- Samþykkt að taka á dagskrá.

10. Fram lögð umsókn um námsvist í Grunnskóla Húnaþings vestra fyrir Grétu Maríu Garðarsdóttur frá og með 17. febrúar 2014 til loka skólaársins 2013-2014. Byggðarráð samþykkir umsóknina.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 14:47

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Elín R. Líndal.

Stefán Böðvarsson.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheyrnarfulltrúar:

Elín Jóna Rósinberg.

Sigurður Kjartansson.